

19. árgangur 3. tbl. ~ Desember 2012 ~ Ábm. Sveinbjörn Markús Njálsson



Jólapakkinn

Á undanförunum árum hefur skapast sú hefð í skólanum að nemendur styrkja hjálparstarf. Nemendaráð ÁlfTanesskóla tók þá ákvörðun að nemendur og kennarar skólans muni í ár styrkja [UNICEF á Íslandi](#) vegna barnastarfs.

Hvert barn leggur til svipaða upphæð 300-500 kr. og skilar til umsjónarkennara í lokuðu umslagi fyrir 19. desember og verður framlag nemenda og starfsfólks skólans komið til [UNICEF](#) fimmtudaginn 20. desember.

Kveikt á jólatrjámum við Bessastaði

Þriðjudaginn 11. desember fóru nemendur í 1.-3. bekk að Bessastöðum til að vera viðstödd þegar kveikt var á jólatrjámum fyrir utan Bessastaði. Þetta er orðinn fastur siður að yngstu nemendur skólans og elstu nemendur leikskólanna komi þegar kveikt er á jólatrjámum.

[Hér eru myndir frá heimsókninni að Bessastöðum.](#)



Þegar nemendur voru búnir að syngja nokkur jólalög kölluðu börnin hátt og snjallt "Gleðileg jól" og við það var kveikt á jólatrjámum. Því næst komu fjórir jólasveinar í heimsókn og dönsuðu með börnunum í kringum jólatrén. Eftir nokkra hringi í kringum jólatrén fengu allir heitt súkkulaði og piparkökur í boði forsetans.

Þegar búið var að kveikja á jólatrjámum á Bessastöðum héldu nemendur út í Bessastaðakirkju þar sem haldin var kyrrðar- og friðarstund sem sr. Hans Guðberg Alfreðsson og Margrét Gunnarsdóttir stjórnuðu. Sungin voru jólalögð og Hans Guðberg las upp sögu.



Jólasveinavísur í flutningi 2. bekkjar

Þriðjudaginn 11. desember fluttu nemendur í 2. bekk jólasveinavæði eftir Jóhannes úr Kötlum á sal skólans. Foreldrum var boðið að koma og hlusta á flutninginn. Nemendur stóðu sig með mikilli þrýði og heilluðu áheyrendur upp úr skónum.

[Hér má sjá myndir frá flutningnum.](#)

Jóladagskráin 2012

Þriðjudaginn 18. desember

Spurningakeppni elsta stigs ÁlfTanesskóla fer fram síðustu vikuna fyrir jól. Þann 18. desember fara fram undanúrslit þar sem lið 7. og 8. bekkja keppa annars vegar og lið 9. og 10. bekkjar hins vegar.

Sigurvegarnir keppa svo í úrslitum sem fara fram í íþóttahúsinu þann 19. desember.

Eftir úrslitin fara fram tvær keppnir en þá keppa skólameistararnir við skólaliðið og svo keppa sigurvegararnir úr þeirri viðureign við lið kennara. Þessar þrjár keppnir verða í beinni útsendingu á netinu á heimasíðu skólans. Foreldrar eru velkomnir til að horfa á



Miðvikudaginn 19. desember

Þá er síðasti kennsludagur fyrir jólaleyfi nemenda. Sama dag verða litlu-jól/jólaball fyrir nemendur í 6.-7. bekk kl. 17:00-19:00 og 8.-10. bekk kl. 20:00-22:30 í sal skólans. Unnið í samstarfi við Félagsmiðstöð.

Úrslit í spurningakeppni elsta stigs fer fram í íþróttasalnum kl. 10:00 - 11:40.

Fimmtudaginn 20. desember.

Síðasta skóladag fyrir jólaleyfi breytum við út af venjulegri stundaskrá í 1. – 5. bekk og mætum þrúðbúin til að eiga góða stund og skemmta okkur saman. Við hefjum daginn kl. 9:15. Allir nemendur mæta í heimastofu sína hjá umsjónarkennara. Þennan dag er skert viðvera og skóladeginum lýkur um kl. 11:45. Það verður tekið á móti börnum sem þurfa að koma fyrir kl. 8:10 á bókasafni (sjá nánar síðar á vikuáætlun og á vef skólans).

Frístund

Fimmtudaginn 20. desember lýkur skólanum kl. 11:45. Frístund tekur að loknum skóladegi á móti þeim börnum sem skráð eru í Frístund. Nauðsynlegt er að foreldrar skrái börnin sérstaklega þennan dag. Þetta er jafnframt síðasti dagur fyrir jólafrí



Að loknu jólaleyfi

Fimmtudaginn 3. janúar er skipulagsdagur starfsmanna. Frístund er lokuð þennan dag.

Föstudaginn 4. janúar mæta nemendur í skólann samkvæmt stundaskrá.

